

**Samráð um úthlutun tíðna FM og DAB**

Búið til 16.5.2017 08:51:56
Höfundur Sigrún Davíðs
Sent 15.5.2017 16:04:13
Tilheyrir 2017040118 - FM samráð

Frá **Þorsteinn Gunnlaugsson (thorsteinng@vodafone.is)**
Til **pfs@pfs.is**
Afrit **pallas@vodafone.is, Sibbi@vodafone.is**
Efni **Samráð um úthlutun tíðna FM og DAB**
Bréfalykill **10.5.2 Útvarp**

Texti**Póst- og fjarskiptastofnun Suðurlandsbraut 4 108 Reykjavík****Þorleifur Jónasson**

Fjarskipti ehf 470905-1740 fagnar áformum Póst og Fjarskiptastofnunar að boða til samráðs og umræðu um framtíðarskipulag hljóðvarps útsendinga á Íslandi. Eins og PFS er kunnugt um þá hafa þessi mál verið í miklum ólestri í langan tíma og aðstöðuleysi fyrir hljóðvarpssenda á höfuðborgarsvæðinu skert mikið þjónustu við íbúa á svæðinu og rekstraröryggi margra útvarpsútsendinga. Svör Fjarskipta við samráðsspurningunum er því mörkuð þeirri óvissu sem enn ríkir um framtíðaraðstöðu fyrir hljóðvarpssenda hvort sem er fyrir FM eða DAB útsendingar. Fjarskipti hafa lagt í mikla vinnu og kostnað við að finna bestu mögulegu leiðir til að dreifa útvarpsmerkjum með góðum hætti um Höfuðborgarsvæðið og skilað þeim skýrslum og athugunum inn til bæði borgaryfirvalda og með afriti á PFS. Fjarskipti hafa það eitt að leiðarljósi í þessu máli að finna bestu lausnina til framtíðar fyrir íbúa svæðisins sem og útvarpsstöðvarnar sjálfar og rekstraraðila dreifikerfanna. Sú vinna hefur ítrekað leitt okkur að því að uppbygging sendastaðar á Úlfarsfelli sé langskynsamasta lausnin með tilliti til byggðar og vegdekkninga, fjölda senda og nýtingu tíðnirófs.

Svör við samráðsspurningum:

1. a. Ef aðstaða fyrir uppbyggingu framtíðarsendistaðar á Úlfarsfell fær ekki hljómgrunn hjá borgaryfirvöldum þá er ljóst að þeir sendar sem þar eru í dag myndu ekki ná viðunandi útbreiðslu á Höfuðborgarsvæðinu nema með a.m.k. tveimur sendistöðum. Þetta eru sendar fyrir útvarpsstöðvarnar X-ið 977, LéttBylgjuna, GullBylgjuna, Klassík FM (FMX) og BBC world service, samtals 5 auka tíðnir. Ekki liggur fyrir neinn annar ákjósanlegur sendistaður til að færa aðalsenda þessarar útvarpsstöðva á m.t.t. uppnáms Vatnsenda sem framtíðar sendistaður einnig. Rétt er að benda á eins og fram kemur í lið b hér fyrir neðan að ef Vatnsendi er sá staður sem aðalsendar munu til framtíðar senda út frá þá er ekki fyrirbyggjandi nein lausn að aðeins ein auka tíðni nægji fyrir hverja útvarpsstöð til að dekkja höfuðborgarsvæðið vel heldur gætum við verið að tala um 3 senda, þrjár tíðnir fyrir hverja útvarpsstöð.

b. FM957 er í dag send út frá Vatnsenda og sá sendistaður er ekki góður til að þjóna nýjum hverfum, hvort sem er í Reykjavík, Mosfellsbæ eða Hafnarfirði. Verði útsendingar áfram á Vatnsenda þá þarf FM957 amk eina tíðni til að bæta dekkningu í Grafarvogi, Grafarholti og Mosfellsbæ. Þar liggur beinast við að setja lágafls endurvarpa í Álfsnes (<100W). Enn væri þá óleyst mál með að dekkja t.d. Vallahverfið í Hafnarfirði. Það krefðist 3ja sendis og þá 3ju tíðniúthlutun fyrir FM957 á Höfuðborgarsvæðinu þar sem ekki hefur fundist lausn (enn nýr

sendistaður) til að leysa öll þessi svæði sem Vatnsendi nær illa að þjóna frá einum stað. Bylgjan er í dag send út frá Vatnsenda og með einn lágafls endurvarpa í Álfnesi. Bylgjan er því betur sett í dag en margar aðrar útvarpsstöðvar hvað varðar dekkningu á Höfuðborgarsvæðinu. Eftir situr þó að dekkning er ekki góð í hluta Hafnarfjarðar (t.d. Vallahverfið) og sú óvissa sem ríkir um Vatnsenda sem framtíðarsendistað. Því má segja að FM957 og Bylgjan þurfi samtals 3 aukatíðnir ($FM957=2$ og $Bylgjan=1$). Tillaga að sendistað fyrir 3ju senda Bylgjunnar og FM957 væri við Álverið í Straumsvík ($<100W$).

2. Fjarskipti er í dag eigandi og rekstraraðili dreifikerfis en ekki útvarpsrekandi. Fjarskiptum er ekki kunnugt um nein áform um nýjar útvarpsstöðvar.

3. Fjarskipti hafa áhuga á að skoða grundvöll fyrir uppsetningu dreifikerfis fyrir stafrænar hljóðvarpsútsendingar.

Samráðsspurningar

Spurning 1: Ef boðið yrði upp á viðbótartíðni fyrir sömu dagskrá á höfuðborgarsvæðinu til að dekkja svæði sem koma illa út í dag, hvaða hljóðvarpsstöðvar myndu þá óska eftir viðbótartíðni og þá á hvaða svæði, með hvaða staðsetningu sendis og hvaða sendiafli?

Spurning 2. Hafa aðilar hug á að setja í gang nýjar dagskrár á höfuðborgarsvæðinu á næstunni og með hvaða sendistað í huga?

Spurning 3: Er áhugi hjá hljóðvarpsstöðvum á að setja upp DAB-hljóðvarpssenda eða að kaupa aðgang að slíkum útsendingum fyrir sína dagskrá ef það stæði til boða.

Þorsteinn Gunnlaugsson

Deildarstjóri
Sjónvarpskjarni

Tölvupóstur og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Óheimil meðferð tölvupósts þessa og viðhengja hans getur varðað skaðabóta- og refsíabyrgð samkvæmt lögum um fjarskipti. Efni tölvupóstsins og viðhengja er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Vodafone.